

Breytingartillögur

við frv. til l. um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

Frá utanríkisráðherra.

1. Við 10. gr. Fyrri málslíður 1. mgr. orðist svo: Íslenskum starfsmönnum og öðrum sem eru ekki á ábyrgð varnarliðsins er heimill aðgangur að varnarsvæðunum ef þeir eiga þangað lögmæt erindi og hafa gilda aðgangsheimild, útgefna af sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði loftferðalaga.
2. Við ákvæði til bráðabirgða I bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laga þessara taka ákvæði þeirra um samninga við varnarliðið, aðra en starfssamninga, ekki gildi fyrr en 1. maí 2001.